

**1855** eitt exemplar af því á lögregluhlúsið, og skal hann þegar 9. maí fá kvittun fyrir því, ef hann hefur verið. Ef út af er þruggið, varðar það 10 til 250 rd. bóttum. Ef enginn prentari er nafngreindur á bókinni, eða rangt er sagt til nafns hans, og ekki verður komið eftir, hver prentað hafi, lendir ábyrgðin á kostnaðarmanninum eða þeim, sem hefur ritið til sölu. — 11. gr. Sjerhver, sem þykist vera áreititur í einhverju tímariti, eða sem æskir að leiðrjetta það, sem um hann er sagt í ritinu, getur kráfrizt, að veitf sje viðtaka borgunarlaust í ritið auglýsingu um, að mál sje höfðað út af áreitninni, sem og um málaök, eða leiðrjettingu, sem þó má ekki vera lengri en  $\frac{1}{4}$  úr númeri, eða tilvísun um leiðrjettingu í öðru riti. — Skal þetta taka upp í fyrsta eða annað númer af tímaritinu, sem kemur út, næst á eftir að hann hefur æskt viðtökunnar með vottum; þó skal útgefandi, hvernig sem á stendur, ekki vera skyldur til að taka upp í eitt númer fleiri silkar auglýsingar eða leiðrjettingar, en sem komast á  $\frac{1}{4}$  úr númeri. — Ef leitt er hjá sjer að gegna þessari skyldu, liggja við því 10 til 50 rd. bættur, og má þvinga hlutæðiganda til að taka upp í ritið það sem óskað er, með því að ákveða sektir fyrir hvern dag eftir dómstakvæði. — 13. gr. Siptantmáðurinn á Íslandi ákveður, hvort höfða eigi mál gegn riti fyrir sakir ehinsins að fullluttun hins opinbera. Hald má, þegar svo á stendur, einungis leggja á ritið eftir úrskurði raunsóknardómaraans. — 14. gr. Heimilt er að flytja inn í landið útlend rit. Ef siptantmanni virðast slík rit þess efnis, að hegningar sje vert, og ef enginn af þegnum Danakonungs getur haft ábyrgð af útbreislu þeirra, getur fúgetinn bannað þeim, sem hefur eða haft hefur ritið til sölu eða útbýsingar, að útbreidda það framur í landinu, og skal hann þessu, eftir að húið er að stefna þeim, sem bönnuð hefur verið sala ritans, tafarlaust fylgt fram, eftir því rjettarfari, sem lögbóðið er í sakamálu. Ef dómurinn staðfestir þannú, skal ákveða í dómnum,

hversu langt megi hláa, þangað til ritið er sent burt úr ríkinu, eða að öðrum kosti verði gjört upptækt. Dóm 9. maí þenna skal þrivar birta að tilluttun hins opinbera í einhverju íslensku blaði og í Berlinga tíðndum, og má eftir það hvoriki panta ritið til sölu, selja það nje útbýta því í ríkinu, og ef móti þessu er brotið, skal það sæta fjebotum frá 25 til 250 rd., eða fangelsi í 14 daga til 6 mánaða. — 15. gr. Ef þrir slíkar dómur eru lagðir á eitthvert tímant eða fleiri slík rit, sem einn er útgefandi að, á tveggja ára tíma, má ákveða í hinum síðasta þessara dómá, að þetta rit eða önnur tímariti, sem hinn sami maður getur út, megi ekki flytja inn í ríkið, nema því að eins að dómsmálastjórnarhermann leyfi það. Bannað sje þvert og afþrigðum gegn því hegnu, eftir því sem till er tekið í 14. gr. — 16. gr. Það, sem ákveðið er í tilskipun þessari um prentuð rit, gldair einnig, þegar letur er gjört með einhverjum öðrum tilferum en prenti. — Sönnleidis má heimfæra ákvarðanir þær, sem gefnar eru um prentuð rit, að 4. gr. frátekinni, að sínu leyti upp á myndir, stungnar í eir, skornar í trje og prentaðar á stein, og aðra líkingarfulla uppdrætti. Þó skal, svo framfarlega sem myndirnar eru gefnar út með einhverju riti og sem hlutar úr því, ábyrgðarinnar ritans, einnig hafa ábyrgð af myndunum. — 17. gr. Tilskipun þessi kemur í staðinn fyrir ákvarðanir þær, sem áður eru gefnar um prentfrelsi.

TILSKRIPUN, sem lögleiðir á Íslandi lög 5. janúar 1851, 31. maí um eptirlaun.

Vjer Fr. VII. o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vjer höfum meðtekið þegmlegt álitsskjal Vors trta alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi lög 5. janúar 1851, um eptirlaun, bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leió: — 1. gr. Sjerhver sá, er konungur hefur gjört að embættismanni og launað er af sjóði ríkisins, á rjett á að fá eptirlaun eftir lagabóði þessu, þegar honum er veitt laun

**1855** frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulaslæika, eða ann-  
 31. maí. ara, orsaka, vegna, sem honum er ósjálfrátt. — Með laga-  
 boði skal ákveða, hverja embættismenn konungur setur,  
 en þangað til slíkt lagaboð er gjört, verður það eður sömu  
 reglum og hingað til, þó þannig, að þau embætti, sem  
 samkvæmt reglum þeim, sem hingað til hafa gilt, hafa  
 ekki veitt rjett til eptirlauna, skulu heldur ekki gjöra það  
 eður þessu lagaboði, eins og að hinu leytnu sjerhver sá,  
 sem, þegar þetta lagaboð kemur út, er í þvillku embætti,  
 að hann eður þeim hingað til gildandi reglum hefur getað  
 vænt eptirlauna, en embættið nú eður þessu lagaboði  
 veitir ekki rjett til eptirlauna, skal eiga heintning á eptir-  
 launum fyrir sjálfan sig. — Hinu sama rjett til eptirlauna  
 eiga þeir embættismenn, sem hafa embætti við ríkisþingjö,  
 eða við stofnanir þær, hverra tekjur og gjöld eru ákveðin  
 í ríkisfjárlögnum. — Þó einhver sje settur embættismað-  
 ur und hrið, hefur hann ekki rjett til eptirlauna. — Sveit-  
 innar ákveða sjálfar, að hve miklu leyti embættismenn  
 þeirra geti fengið eptirlaun, sem og hversu mikil þau skuli  
 vera. — 2. gr. Eptirlaunin verða borguð úr ríkissjóðnum,  
 að svo miklu leyti, sem þau ekki verða greidd á annan  
 hátt, samkvæmt reglum þeim, sem hingað til hafa gilt  
 um það efni, eða seinna kynnu að verða ákveðnar. —  
 Af konungsþeningunum og lífeyri konungssettarinnar hvort  
 fyrir sig, greiðast eptirlaun þau, er á þeim hvíla. — Þeg-  
 ar konungaskipi verða, eða þegar einhver sá lífeyrir, sem  
 nú er, er á enda, verður í hvert skipi ákveðið með sjer-  
 stöku lagaboði, hver eptirlaun ríkissjóðurinn skuli greiða  
 í því tilliti. — 3. gr. Eptirlaunin skal reikna eður tíma-  
 lengd þeirri, sem hlutaðeigandi hefur þjónað sem embæt-  
 tismaður með eptirlaunarrjetti og eður upphæðinni að með-  
 altali á embættislaunum þeim, er hann hefur haft 5 síð-  
 unnu árin, áður en hann fékk lausn frá embættinu, eða í  
 öll þau ár, sem hann hefur þjónað embætti, svo framnar-  
 lega sem það hafa ekki verið fimm ár, þannig að:

frá 0—2 ára þjónusta veiti	1 <sup>o</sup> af launa upphæðinni að 1855	meðaltali í eptirlaun 31. maí
» 2—4 —	1 <sup>o</sup>	1 <sup>o</sup>
» 4—7 —	1 <sup>o</sup>	1 <sup>o</sup>
» 7—10 —	1 <sup>o</sup>	1 <sup>o</sup>
» 10—20 —	1 <sup>o</sup>	1 <sup>o</sup>
» 20—21 —	1 <sup>o</sup>	1 <sup>o</sup>
» 21—22 —	1 <sup>o</sup>	1 <sup>o</sup>
» 22—23 —	1 <sup>o</sup>	1 <sup>o</sup>
» 23—24 —	1 <sup>o</sup>	1 <sup>o</sup>
» 24—25 —	1 <sup>o</sup>	1 <sup>o</sup>
» 25—26 —	1 <sup>o</sup>	1 <sup>o</sup>
» 26—27 —	1 <sup>o</sup>	1 <sup>o</sup>
» 27—28 —	1 <sup>o</sup>	1 <sup>o</sup>
» 28—29 —	1 <sup>o</sup>	1 <sup>o</sup>
lengri en 29 —	1 <sup>o</sup>	1 <sup>o</sup>

Sá, sem er fullra 70 ára, á rjett á að fá lausn með  
 eptirlaunum samkvæmt þessu lagaboði. — Sá embættis-  
 maður, sem slasast þannig, þegar hann er að gegna em-  
 bætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu,  
 fær ávallt § af embættistekjum sínum í eptirlaun. — Ef  
 eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður heimt-  
 ing á að njóta § hluta af embættistekjum sínum í 5 ár  
 í biðlaun en er þá undir eins skyldur til að taka aftur  
 við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minnsta kosti,  
 sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Haf hann  
 ekki fengið nýtt embætti að 5 ára fresti, verða honum  
 veitt eptirlaun. Þau ár er hann hefur notið biðlauna,  
 skal álita sem embættisár, þegar farið verður síðar að  
 reikna eptirlaun hans; en eptirlaunin skal reikna eður  
 þeim embættistekjum, er hann hafði, áður en hann fékk  
 biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem fylgja minni  
 tekjur, fær hann af þeim eptirlaunum, sem honum bera  
 eður hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið,  
 sem samantlagt við tekjur hins nýja embættis jafnast við  
 tekjur hans í hinu fyrra embætti, og ekki meira. — 4. gr.  
 Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar

**1855** reiknuð eru eptirlaun eða biðlaun samkvæmt 3. gr., eru: 31. maí. 1) Viss árleg laun, og skal þar með einnig talin uppþótt fyrir landauregjald, sem embættinu fylgir, að svo miklu leyti sem þessi uppþótt er einskorðuð við ákveðna peningaupphæð; 2) launaviðbót, sem veitt er manningum sjálfum; 3) aukatekjur, starfalaun (Gebyrer), hundraðsgjöld, skrifarakaup og því um líkar óvissar tekjur, sem lagahéimild er fyrir (þó undan skilst hlutur í sektarífe, aukakaup, dagpeningar, borðífe, skrifstofupeningar, og peningar til hestahalds og þess konar), sem og slík hlunnindi (leigulaus bústaður, bújörð, eldivörður og ljós þar í talið), sem með þessum orðum eru veitt hlutaðeiganda sem laun eða hluti af launum hans. Þegar allar tekjur embættismannsins saman talðar eru meiri en 1000 rd. skal draga  $\frac{1}{3}$  frá, af því er allar tekjurnar verða meiri en 1000 rd., fyrir það, að hinna áður greindu óvissu tekjur og hlunnindi er með talið. — Við þau embætti, þar sem skrifstofuhald og ferðakostnaður og þess konar er sameinað embættunum, en engar tekjur eru lagðar sjer í lagi til þess að standast slík útgjöld, skal þá peningaupphæð, sem álitá má að þar til gangi árlega, draga frá öllum tekjunum embættisins, og skal reikna eptirlaun af tekihæð þeirri, sem þá er eptir. Það sem embættistekjur, sem talðar eru eptir áður nefndum reglum, eru meiri en 6000 rd., skal ekki tekið til greina. Engin eptirlaun mega vera hærrí en 3000 rd. — 5. gr. Sá er fyrirgjörtr embætti sínu, missir einnig rjett til eptirlauna. — 6. gr. Þegar embættismanni er vikið frá, fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættisstöpun, en veikja þó þá vörðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eptirlaun hans með sjerstöku lagabóði. — 7. gr. Eptirlaun eða biðlaun missast: 1) gjörsamlega eða að tilhölu, þegar hlutaðeigandi fær aptur embætti og laun; 2) þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu útlandra ríkja; 3) þegar hann tekur sjer bústað í öðrum löndum, án samþykkis konungs; 4) þegar hann hefur ekki tekið eptirlaun eða biðlaun sín í 3 ár, og getur síðan ekki sann-

að lögmæt forföll. 5) þegar hann verður dæmdur sekur í **1855** þess konar áthæf, sem mundi hafa svipt hann embætti, 31. maí. ef hann hefði þá í því verið, eða ef það sannast upp á hann, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fékk lausn frá embættinu. — Þegar embættismáður, sem hefur fengið lausn frá embætti með eptirlaunum, tekur við nýju embætti, hefur hann rjett til, þegar hann fær lausn frá þessu embætti, að fá eptirlaun þau, sem hann áður hafði. — 8. gr. Hver kona, sem hjóðan í frá verður ekkja eptir embættisinn þann, sem hafði eptirlaunartjett eða eptirlaun, skal hafa rjett til að fá eptirlaun úr sama sjóði, sem maður hennar, með undantekningum þeim, sem til eru teknar í 9. grein. — Eptirlaun ekkjunnar reiknast  $\frac{1}{3}$  af launum mannsins, eins og þau eru talin eptir 3. og 4. grein þessara laga, þegar þau eru lögð til grunnvallar fyrir því, hvernig reikna skal eptirlaun hans, þó svo, að eptirlaun ekkjunnar, sem á þenna hátt koma út, geri ekki verði meiri en 600 rd., nje heldur meiri en þau eptirlaun, sem maðurinn hefði getað fengið, eða hafði þegar hann dó. — Þar sem kringunstaðurnar mæla með því, getur kringunum þar að aukri í viðbót við eptirlaunin veitt 10 til 50 rd. árlega fyrir hvert af börnum ekkjunnar, sem ekki er sjóð fyrir, þangað til hvert barn er 18 ára; þó skal eptirlaunaviðbót þessi því að eins haldast, að kringunstaður þær, sem hún er byggð á, eigi sjer framvegis stað, og skal sanna það á hverju ári fyrir ríkisfjárförminni. — 9. gr. Þær embættismanna-ekkjur hafa engan eptirlaunartjett, sem hafa giprt eldra manni en 60 ára, eða á þanna sæng hans, eða eptir að hann fékk lausn frá embætti með eptirlaunum, eða ef hjónabandinu var gjörsamlega slitið, áður en maðurinn dó. — 10. gr. Embættismanna-konur, sem samkvæmt lagabóði þessu ekki hafa lengur rjett til eptirlauna, en eptir hingað til gildandi reglum áttu eptirlaun í vörðum, áður en lög þessi koma út, geta fyrir sjálfar sig vœnt svo mikilla eptirlauna, sem venjulegt hefur verið að undan fórn, að hver þeirra fengi. —

**1855** 11. gr. Eptirlaun ekkra missast: 1) þegar ekkjan gípuist 31. maí á ný; 2) þegar hún tekur sjar bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 3) þegar hún hefur ekki hirt eptirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll. 4) þegar hún verður dæmd sek í einhverri ahhöft, sem að almennings áliti er ósæmleg. — Þegar ekkja missir eptirlaun, af því hún hefur gípuð á ný, á hún rjett á annað sinn. — 12. gr. 1 Reglurnar um eptirlaun presta og prestaekkna skal ákveða með sjerstöcknum lögum. —

Einuig skal ákveða eptirlaun handa þeim embættismönnum, sem eru í nýlenduunum og ekkjum þeirra með sjerstöcknum lögum. — Þangað til þessi lög verða útgefn, geta bæði prestar og prestaekkjur, sem einuig embættismenn í nýlenduunum og ekkjur þeirra vænzst sömu eptirlauna, og hingað til. — 13. gr. Fjóurlausum og möðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rjett til eptirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 20 til 100 rd. eptirlaun árlega, að svo miklu leyti og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra makleg; þó ekki lengur en þangað til þau eru 18 ára; þóft þeirra og maklegleik skal árlega sanna fyrir ríkisfjárstjórninni. — 14. gr. Þegar eptirlaun eða bjólaun eru ekki hirt í heilt ár, hverfa þau það ár í þann sjóð, er þau áttu að gjaldast úr.

**31. maí** ÖRN BRÆR, sem lögleiðir á Íslandi, með nokkrum breytingum, lög 5. janúar 1851, um skyldu embættismanna til að sjá ekkjuna sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag.

Vjer Fr. VII. o. s. fv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vjer höfum meðtekið þegulegt áhresskjal Vors trúá alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi, með nokkrum breytingum, lög 5. janúar 1851, um skyldu embættis-

1) Sbr. lög 27. febr. 1880 og 3. okl. 1884.

manna til að sjá ekkjuna sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag; bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið: — 31. maí

1. Sjerhver embættismaður, sem hefur embætti, eða bjólaun, og sem samkvæmt eptirlaunalögum hefur rjett til eptirlauna, og ekki er fullt sjötugur að aldri, er skyldur til í þinni dönsku Hfsjár- og framferlusroftum, sem ríkissjóðurinn ábyrgist, að sjá ekkju sínu borgið með fjárstyrk æflangt, sem byrjar við dauða hans, og að minnsta kosti er þ hrti af þeim embættislausnum hans, sem koma til álfita, þegar eptirlaun hans eru reiknuð út samkvæmt 4. gr. sömu laga, þó ekki meiri en 600 rd. árlega. — 2. Undanteknur eru embættismenn þeir: 1) sem eru fullt sextugir að aldri áður en þessi lög koma út og eru gípuir; 2) sem áður en þessi lög koma út hafa þegar, samkvæmt skyldu sínni, sjóð ekkju sínni borgið með þeim hæstu eptirlaunum eða leigufrje æflangt, 400 rd., samkvæmt hingað til gildandi reglum, á meðan þeir ekki fá meiri embættislaun, því ef svo er, leggst skuldbindingu eptir þessu lagabóði á þá, að því leyti er launavjóbtina snertur; 3) sem sanna fyrir ríkisfjárstjórninni, að ekkjum þeirra sje á annan hátt sjóð borgið æflangt með ekki minni árlegum tekjum, en fjárstyrkur sá er, sem ákveðinn er í 1. gr. — Lokins eru einuig prestar undan teknir, og skal um skyldu þeirra að sjá fyrir ekkjum sínum standa við það, sem nú er í lögum, þangað til sjerstakt lagabóði gjörur breytingu á því. — 3. Enginn prestur má gefa saman í hjónaband nokkurn embættismann, sem á rjett til eptirlauna, fyr en hann með vitnisburðarbrjeð frá hlutaðeigandi ammanni hefur sannað, að hann sje undan þeginn þeirri skyldu, að sjá ekkju sínni borgið með fjárstyrk eptir sinn dag, eða að hann haf sent ammanni beiðni til ríkisfjárstjórnarinnar um að mega leggja í Hfsábyrgðarsjóðinn. Ef út af þessu er brugðóð, varðar það 100 rd. sekt til fátækra á þeim stað. — 4. Ríkisfjárstjórnin skal gæta þess, að skyldur embættismanna til að sjá ekkjuna sínum borgið verði upp-

**1855** fyllkar eins og vera ber, og getur, ef á þarf að halda, 31. maí krafft þess af yfirboðara hvers eins, að honum sje þöngvað til þess með sekt. — 5. Tillögin til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar skulu greidd einu ári fyrir- fram, og skal draga þau bæði af embættislaunum og af biðlaunum eða eptirlaunum hlutaðeiganda. — 6. Þegar tillögnum verður ekki haldið inni á þenna hátt, og þau eru ekki greidd á gjalddega, skal ríkissjórninni heim- ilt að borga þau fyrirfram úr ríkissjóðnum, sem aptur á móti á rjett á að fá peninga sína endurgoldna með lög- taki, samkvæmt tilskipu dags. 2. júním. 1830, þó skal greiða hina almennu borgun til fógætans. Ef hlutaðeig- andi deyri, áður en endurgjald næst, skal halda eptir framfærslufje því, sem ekkjunní hefur verið ætlað, þang- að til fje það, sem þannig hefur verið borgað fyrirfram, er endurgoldið. — 7. Verði þeirri aðferð, sem um er geið í 6. gr., einhverra orsaka vegna ekki við komið, eða ef einhver embættismaður fær lausu eptirlauna- og biðlaunalaust, áður en hann hefur lokið því, sem hann á að greiða til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar, þá skal, ef vanrækt er að greiða tillögin, þegar svo stendur á, gilda hið sama sem um þá, er sjálfráðir eru hlutak- endur í stofnuninni. — 8. Lífsfjár- og framfærslustofn- unni er skyld að taka við hverjum embættismanni, sem hluttakara fyrir það framfærslufje, sem hann á að sjá ekkju sinni borgið með eptir 1. gr. gegn því, að hann útvegar sjer lögboðinn lækna svitnisburð, að lífi hans sje engin bráð hættu búin. — 9. Ef maðurinn hefur fengið skilnaðardóm við konu sína, er hann eptirleis laus við þá skyldu, að sjá konu þeirri borgið sem ekkju, er hann hefur skilið við, og á hann rjett á að ganga úr lífsfjár- og framfærslustofnuninni, samkvæmt reglum þeim, sem gilda um sjálfráða hluttakendur. — Þegar hjón skilja eptir samkomlagi, er það undir því samkomlagi komið, að hve miklu leyti maðurinn er laus við þessa skuld- bindingu. Ef slíkt er ekki berlega til tekið, viðhelzt

skuldbindingin, að svo miklu leyti, sem embættisþekjur þær snertir, sem maðurinn hafði þegar skilnaðurinn varð. 31. maí — 10. Þegar sá maður, sem sjeð hefur ekkju sinni fyrir framfærslufje gegn æhlongu tillagi, fær síðar lausu frá embætti með eptirlaunum, á hann rjett á að fá gjald það, er hann er skuldbundinn til að greiða eptir þessu lagaþóði, minnkað að hljólu við eptirlaunin, og eptir því skal reikna framfærslufjeð.

Orð BRÆR, er lögleiðir á Íslandi lög 30. júní 1850 um ávísanir embættislauna og þess konar, sem og um borgun slkra launa fyrir fram.

Vjer Fr. VII., o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vjer höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors tría alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi lög 30. júní 1850 um ávísanir embættislauna og þess konar, sem og um borgun slkra launa fyrir fram, þjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið: — 1. gr. Frá 1. ágúst 1850 skal borga út bæði konungspeninga og lífevri konungsettarinnar og öll embættislaun, sem tekin eru af ríkissjóðnum, eptir- laun og biðlaun fyrir hvern mánuð og fyrir fram við byrj- un hans. — 2. gr. Þó maðurinn deyri á þeim mánuði, eða fái lausu frá embætti, þarf ekki fyrir það að greiða aptur neit af þeim launum, sem hann hefur fengið fyrir fram fyrir þann mánuð. — 3. gr. Öll ný embættislaun, eptirlaun eða biðlaun byrja með 1. degi hins næstra má- aðar, eptir það að veitt hefur verið embættið, gefin lausu frá embætti, eða maðurinn hefur dáið, nema það sje í einstökum tilfellum til tekið með þerum orðum, að laun- in skuli reikna frá einhverju seinna tímaþili. — 4. gr. Af eptirlaunum og biðlaunum fæst ekkert meira fyrir fram úr ríkissjóðnum en mánaðarborgun sú, sem til tekin er í 1. gr. — 5. gr. Af launum þeim, sem eru 1000 rd. að stærð og minni, má fá borgað út fyrir fram, ef sjer- leg og byrja nauðsyn ber til, allt að fjórðungi árslaun-  
Tilagsaðn II.

# LAGASA FN

HANNA

ALÞÝÐU.

ÚTGEFENDUR:

MAGNÚS STEPHENSEN og JÓN ÞENSSON  
landshöfingi landritari.

ANNAÐ BINDI.

(1841—1872).

REYKJAVÍK.

KOSTNAÐARMADUR: ÞJÓRN JÓNSSON.

SAFOLDARPRENTSMEDIA.

1887.

# Ásgarður

29. ÁRG. — AGÚST 1980 — 5. TÖLUBL.



*Atkvæðagreiðsla  
um samninga  
4. og 5. sept.  
(sjá bls. 3)*



*Nýr kjarasamningur bls. 6  
Samkomulag bls. 10*

# Allsherjartkvæðagreiðsla ríkisstarfsmanna 4. og 5. september.

efni/3

Kosið verður á 21 kjörstað og þeir opnir báða dagana (sjá hér á eftir) og einnig í 34 kjördeildum, sem verða opnar fyrir daginn (sjá opnunartíma).

Utankjörstaðaatkvæðagreiðsla verður á skrifstofu BSRB, Grettisgötu 89, frá 25. ágúst á mánudögum—föstudaga kl. 9—15.

## Kjörskrá eftir heimilisföngum en ekki á vinnustað.

Kjörskráin skiptust allt öðru vísi en í fyrri atkvæðagreiðslum, þar sem kjösendur skiptast nú á kjörstaði og kjördeildir eftir heimilisföngum en ekki vinnustað.

Heimilt er að greiða atkvæði annarsstaðar, ef það hentar betur, og er þá atkvæðaseðillinn settur í umslag og talinn með utankjörstaðaratkvæðum.

Vegna mikilla breytinga á starfsmannahaldi um þessi mánaðarmót vantar óvenju marga á kjörskrá (sumarafleysingafólk, nýráðningar kennara o.fl.). Einnig vantar margt starfsfólk, sem ekki er skráð hjá launadeild fjármálaráðuneytis (sjúkrahús o.fl.).

Allir félagar í BSRB, sem eru í hálfu starfi eða meira 4. og 5. sept. 1980 og ekki eru á kjörskrá, geta greitt atkvæði á hvaða kjörstað eða kjördeild sem er.

Frekari upplýsingar gefnar á skrifstofu BSRB — Grettisgötu 89 — sími 2 66 88.

## Kjörstaðir

Fimmtud. 4. sept. kl. 14—22

Föstud. 5. sept. kl. 13—19

Akranes — Grunnskólinn við Vesturgötu (gamli lðnskólinn)

Borgarnes — Borgarnesskóli

Stykkishólmur — Barnaskólinn

Patreksfjörður — Barnaskólinn

Ísafjörður — Gagnfræðaskólinn

Blönduós — Grunnskólinn

Sauðárkrúkur — Aðalgata 2 (gamli bæjarþings-salurinn)

Siglufjörður — Borgarkaffi

Akureyri — Oddeyrarskóli

Húsvík — Gagnfræðaskólinn

Egilsstaðir — skólinn

Neskaupsstaður — Sjómannastofan

Höfn í Hornafirði — Gagnfræðaskólinn

Vestmannaeyjar — Félagsheimilið við Heiðarveg

Hvölsvöllur — Lögreglustöðin

Selfoss — Matsalur gagnfræðaskólans

Keflavík — Gagnfræðaskólinn

Hafnarfjörður — Góðtemplarahúsið

Garðabær — Flatarskóli

Mosfellssveit — Varmáskóli

Reykjavík, Kópavogur

og Seltjarnarnes — Miðbæjarskólinn við Tjörmina

## Kjördeildir

Fimmtud. 4. sept. kl. 16—19

Þar sem ekki hefur náðst til allra staða, verður tilkynnt síðar um staðsetningu kjördeildarinnar.

Hellissandur

Ólafsvík (skólinn)

Grundarfjörður

Búðardalur

Reykhólar

Bíldudalur

Þingeyri

Flateyri

Suðureyri

Bolungarvík

Hólmavík (Skólinn)

Hvammstangi (Grunnskólinn)

Skagaströnd

Hofsós

Olafsfjörður (Gagnfræðaskólinn)

Dalvík (Grunnskólinn)

Laugar, S—Þing (Pósthúsið)

Lundur, Axarfirði (Skólinn)

Kópasker (Duggugerði 2)

Raufarhöfn (Skólinn)

Þórshöfn (Skólinn)

Vopnafjörður (Skólinn)

Seyðisfjörður (Barnaskólinn)

Eskifjörður (Barnaskólinn)

Reyðarfjörður (Gamli barnaskólinn)

Breiðdalsvík (Skólinn)

Djúpivogur (Grunnskólinn)

Kirkjubæjarklaustur

Vík í Mýrdal

Laugarvatn (Barnaskólinn)

Hveragerði (Skólinn)

Eyrarbakki

Grindavík

## Til bæjarstarfsmanna

Þar sem samningar bæjarstarfsmanna eru ekki frágengnir er ekki unnt að tilkynna í þessu blaði um atkvæðagreiðslu hjá þeim — en stefnt er að því að reyna að ljúka henni um sama leyti.

Bæjarstarfsmenn eru hvattir til að mæta á fundum hjá BSRB úti á landi.

4

Samkomulag samþykkt með 49 gegn 2

5

Hverju er breytt Fundir

6

Nýr aðalkjarasamningur

10

Samkomulag um félagslegar umbætur

12

Viðtalið Um atvinnuleysistryggingar

13

Starfsmenntunarsjóður

14

Lífeyrissjóðabreytingar Kauphækkun/ kjaraskerðing

15

Starfsmannafélag Suðurnesjabyggða



Forsíðumyndin er frá undirritun samkomulagsins.



## SAMKOMULAG:

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og ríkisstjórnin gera með sér eftirfarandi samkomulag um málefni opinberra starfsmanna:

### Samningstímabilið verði samningsatriði

1. Felld verði úr lögum nr. 29/1976 ákvæði um tveggja ára lágmarkssamningstímabil. Lengd samningstímabils verði framvegis samningsatriði. Gildistími aðalkjarasamnings þess sem samkomulagið er tengt, verði frá 1. ágúst 1980 til 31. ágúst 1981.

### Samningsréttur nái til fleiri stofnana

2. Lög nr. 29/1976 nái til:
  - 2.1 Sjálfseignarstofnana sem starfa í almannabágu samkvæmt lögum.
  - 2.2 Stofnana sem eru í fjárlögum eða njóta fjárframlaga til launagreiðslna úr ríkissjóði eða af daggjöldum.
  - 2.3 Sameignarstofnana ríkis og sveitarfélaga.

Ákvæði um þetta verði sett með lögum eða í reglugerð eftir því sem þörf krefur, enda komi til samþykki viðkomandi stofnana.

### Atvinnuleysisbætur til allra

3. Ríkið ábyrgist með lagasetningu, að þeir félagar BSRB, sem ekki njóta ákvæða 14. gr. laga nr. 38/1954, njóti atvinnuleysisbóta sambærilegra við annað launafólk, í samræmi við gildandi lög og framkvæmd þeirra á hverjum tíma. Bótaréttur yrði m.a. háður því skilyrði, að atvinnulaus starfsmaður hefði sannanlega ekki neitað annarri vinnu, sem boðist hefði, sbr. 16. gr. laga um atvinnuleysistryggingar og túlkun hennar á liðnum árum. Ekki er stefnt að myndun sjóðs eða greiðslum í sjóð í þessu skyni. Sérstök nefnd ákveði atvinnuleysisbætur og úrskurði annan ágreining, sem upp kann að koma. Nefndin sé skipuð tveim fulltrúum frá BSRB, einum frá fjármálaráðuneyti, einum frá Sambandi isl. sveitarfélaga og einum frá Hæstarétti.

**BSRB og fjármálaráðherra hafa samhlíða gerð nýs aðalkjarasamnings gert samkomulag um tiltekin málefni, sem snerta opinberra starfsmenn. Óðlast þau staðfestingu, þegar aðalkjarasamningurinn hefur verið samþykktur af félagsmönnum BSRB í allsherjaratkvæðagreiðslu.**

**Sett verða bráðabirgðalög til lögfestingar á sumum efnisatriðum þessa samkomulags.**

**Hér fer á eftir samkomulag þetta:**

## Samkomulag samhlíða nýjum samningi

# Miklar félagslegar umbætur og aukin réttindi

### Starfsmenntunarsjóður annist símenntun og endurhæfingu.

4. Stofnaður verði starfsmenntunarsjóður fyrir starfsmenn ríkisins innan BSRB og greiði ríkissjóður sem svarar 0,15% af föstum mánaðarlaunum félagsmanna í sjóðinn. Hlutfall þetta verði endurskoðað árlega miðað við þarfir sjóðsins. Sjóðnum, sem starfi samkvæmt reglugerð staðfestri af stjórnvöldum, ber að tryggja fjárhagslegan grundvöll símenntunar og endurhæfingarnáms opinberra starfsmanna í tengslum við störf þeirra.

Markmið sjóðsins eru:

- 4.1 Að starfsmenn beri ekki kostnað af né verði fyrir tekjutapi af námi, sem beinlínis er við það miðað, að þeir geti tileinkað sér framfarir og tækniþrengingar á sínu sérsviði.
- 4.2 Að starfsmenn eigi, án verulegs kostnaðar, kost á námskeiðum, sem geri þeim mögulegt að taka að sér vandasamari störf en þeir gegna.

- 4.3 Ef störf eru lögð niður vegna tækni eða skipulagsbreytinga, eiga starfsmenn, án tilkostnaðar, kost á endurhæfingarmenntun, sem geri þeim mögulegt að taka að sér önnur störf með óbreyttum tekjumöguleikum.

Sérstök nefnd skipuð tveim fulltrúum frá hvorum aðila skipuleggi námskeiðshald og annist ráðstöfun fjáris.

### Starfsmannaráð í stærri stofnunum

5. Í þeim ríkisstofnunum þar sem vinna 15 manns eða fleiri, verði komið á fót starfsmannaráðum, sem fjalli um starfstilhögun og fleiri mál, er varða starfsmennina. Sett verði

reglugerð um skipun og verkefni starfsmannaráða, sem unnin er af nefnd skipaðri fulltrúum beggja samningsaðila.

### Störf eftir að hámarksaldri er náð

6. Sett verði nefnd til að gera tillögu um skipan málefna eftirlaunafólks og öryrkja, sem feli í sér rýmri heimildir til handa starfsmönnum að haldá störfum að hluta eftir að hámarksaldri er náð. Í því sambandi verði m.a. höfð hliðsjón af tillögum nefndar, sem fjallað hefur um endurskoðun á reglum um aldurshámark starfsmanna Reykjavíkurborgar.

### Samningsréttur gildi um minna en hálf starf

7. Fjármálaráðuneytið mun senda BSRB bréf þess efnis, að framvegis verði **aðalstarf**, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1976 túlkað á þann veg, að undir

það falli hlutastörf, jafnvel þótt þau nái ekki hálf dags starfi, enda stundi starfsmaður fast samfelld starf og hafi ekki á hendi annað aðalstarf í þjónustu ríkisins. Undanþegið þessari túlkun er sumarvinnufólk eða aðrir í tímabundnum afleysingum.

## Ítrekað samkomulag frá 1976

8. Visað er til samkomulags BSRB og ríkisins frá 1. apríl 1976 um að jafnframt því sem lífeyrissjóðirnir verði skyldaðir til að ávaxta 30% af heildarútlánnum sínum í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs, verði miðað við, að ríkissjóður ábyrgist og greiði einungis þann hluta lífeyrisins, sem lífeyrissjóðirnir geta ekki risið undir með tekjum sínum af vöxtum og verðbótum af þessum 30% af heildarútlánnum (verðtryggðum).
- Viðræður um aðrar breytingar á ábyrgð ríkissjóðs á lífeyrisgreiðslum verði teknar upp, þegar fyrir liggja niðurstöður á úttekt á stöðu lífeyrissjóða ríkisstarfsmanna, sem tryggingafræðingur vinnur nú að.

## Miklar umbætur í lífeyrisréttarmálum

9. Um lífeyrissjóðsmál.
- 9.1 Ríkisstjórnin fellst á, að starfsmenn ríkisins 16 ára og eldri, sem laun taka samkvæmt kjarasamningum BSRB og aðildarfélag þess, fái aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, enda sé ekki um að ræða sumarvinnufólk eða aðra í tímabundnum afleysingum.
- 9.2 Gjaldskylda í 32 ár veiti 2% lífeyrisréttindi fyrir hvert þeirra ára. Eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur ávinnt 1% fyrir hvert starfsár til 65 ára aldurs og 2% eftir það til 70 ára aldurs.
- 9.3 Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af launum þeim er á hverjum tíma fylgja starfi því sem sjóðfélaginn gegndi síðast. Hafi sjóðfélaginn gegnt herra launuðu starfi eða störfum í að minnsta kosti 10 ár fyrir á sjóðfélagstíma sínum skal miða lífeyrinn við hæstlaunaðasta starfið enda hafi hann gegnt því í að minnsta kosti 10 ár, ella skal miða við það hæstlaunaðasta starf sem hann að viðbættum enn herra launuðum störfum gegndi í að minnsta kosti 10 ár.

- 9.4 Fellt verði úr lífeyrissjóðslögum ákvæði um mismunandi iðgjald. Iðgjald starfsmanna verði framvegis 4% á móti 6% frá vinnuveitanda. Jafnframt verði felld úr lögum skipting eftirlauna í 21 flokk frá 1,6 — 2,0% fyrir ár. Í staðinn verði 2% fyrir ár hjá öllum.
- 9.5 Sambúðarfólk hafi sama rétt og hjón, sbr. 1. grein laga nr. 15/1980, sbr. einnig 12. gr. 4. mgr. frumvarps til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda.
- 9.6 Vaktavinnufólk, það er þeir sjóðfélagar sem hafa vinnutíma sem hreyfist með reglubundnum hætti, skal fá rétt til sérstaks viðbótarlífeyris úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins enda sé þeim skylt að greiða iðgjald af vaktálagsgreiðslum til sjóðsins.
- 9.6.1 Sama gildir um næturverði og það starfsfólk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á næturna, það er á tímabilinu kl. 22:00 — 09:00 og skal þá álagsgreiðslan verða grundvöllur iðgjalda og lífeyrisréttinda.
- 9.6.2 Sjóðfélagi greiði 4% af vaktálaginu í iðgjöld og launagreiðandi 6%.
- 9.6.3 Mánaðarlaun þau sem vaktálag er miðað við skulu vera viðmiðunarlaun þegar lífeyrir er ákveðinn og iðgjaldið metið.
- 9.6.4 Verði horfið frá því að eitt og sama vaktálag sé fyrir alla launaflokka eða röskun verði á hlutfalli vaktálags og viðmiðunarlauna ellegar breyting á því innan launaflokka kerfisins við hvaða launaflokk vaktálagið sé miðað ákvarðar stjórn lífeyrissjóðsins hver viðmiðunarlaunin skulu vera og þá jafnframt hvort og hvernig umreikna skuli unnin lífeyrisrétt fyrir ára.
- 9.6.5 Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga af vaktálagi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyrisréttinda að reiknað sé hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslu af viðmiðunarlauninum.
- 9.6.6 Fyrir jafngildi hverra 12 mánaða iðgjaldagreiðslu ávinnt réttur til lífeyris sem nemur 2% af viðmiðunarlauninum.
- 9.6.7 Sjóðfélagar sem unnið hafa vaktavinnu á undanförunum árum eiga rétt á að kaupa sér hinn sérstaka viðbótarlífeyrisrétt fyrir slíka vinnu frá og með ársbyrjun 1976.
- 9.6.8 Iðgjaldagreiðslurnar fyrir liðinn tíma skulu reiknaðar út frá launagreiðslunum eins og þær voru á hverjum tíma en um vaxtagreiðslur skal fara eftir reglum sjóðsins um þvilík tilvik.
- 9.6.9 Starfsmaður á rétt á því að kaupa sér

sérstakan lífeyrisrétt vegna vaktálags 2 ár til viðbótar rétti samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, gegn greiðslu iðgjalda, sem reiknuð sé samkvæmt launatöxtum greiðsludags.

- 9.6.10 Umsóknir um réttindakaup þessi skulu hafa borist stjórn Lífeyrissjóðsins fyrir árslok 1981, ella fellur réttur til þeirra niður.
- 9.7 Þegar sjóðfélagi hefur náð því að samantlagður lífaldur og þjónustualdur sé 95 ár, hann er orðinn 60 ára og lætur af störfum á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum. Sjóðfélaginn sem notfærir sér þessa reglu skal greiða iðgjald til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár en þó ekki meir en 64% að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskylda fellur niður þegar 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur skal aukast um 2% fyrir hvert ár frá því að iðgjaldagreiðsluskylda lýkur og þar til taka lífeyris hefst. Notfæri sjóðfélagi sér eigi þessa heimild áður en hann nær 64 ára aldri, skal um iðgjaldagreiðslur hans og lífeyrir fara eftir hinni almennu reglu um lífeyri. Sjóðfélagi sem nýtur réttar samkvæmt lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 23/1963 12. gr. 2. málsg., sbr. lög nr. 101/1943 12. gr. og lög nr. 11/1959 1. gr. 2. málsg., getur valið, ef hann kys svo, að neyta þess réttar fremur en réttar þess sem um ræðir hér að framan.
- 9.8 Lögum um lífeyrissjóð hjúkrunarkvænna nr. 16/1965 og lögum um lífeyrissjóð barnakennara nr. 85/1963 skal í samráði við stjórnir hlutaðeigandi stéttarféлага breytt til samræmis við þær breytingar, sem samkomulag þetta gerir ráð fyrir.

## Yfirlýsing fjármálaráðherra

10. Fjármálaráðherra mun tryggja það, þegar samkomulag þetta, sem samninganefndir ríkisins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hafa orðið sammála um, hefur verið undirritað, ásamt aðalkjarasamningi og hann verði samþykktur af félögum BSRB í allsherjaratkvæðagreiðslu, að sett verði bráðabirgðalög til lögfestingar á efnisatriðum þeim, sem um ræðir í 1., 2., 3. og 9. tölulið hér að framan. Frumvörp að þeim lögum verði undirbúin í samráði við BSRB.

**Yfirlýsing**  
**dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra**  
**með**  
**samkomulagi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**  
**og**  
**Landssambands lögreglumanna**  
**undirrituðu 13. júlí 2001**

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að lagt verði fram frumvarp á næsta löggjafarþingi þar sem lagt verði til að bætt verði nýrri grein inn í V. kafla lögreglulaga nr. 90/1996. Í henni komi fram að lögreglumenn skuli leystir frá embætti sínu þegar þeir eru orðnir fullra 65 ára eða fyrr, eftir því sem dómsmálaráðherra ákvarðar með reglugerð. Jafnframt mun hún beita sér fyrir því að lagt verði fram frumvarp þar sem ákvæðum laga nr. 1/1997, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, verði breytt sem hér segir; Hvað varðar þá lögreglumenn sem eiga aðild að A-deild, skal, við mat á lífeyri samkvæmt 15 gr. (að undanskilinni 4. mgr.) þeim reiknaður lífeyrir eins og þeir hefðu starfað til 70 ára aldurs og skal miðað við meðalstigaávinning síðustu þrjú ár. Hvað varðar þá lögreglumenn sem eiga aðild að B-deild, skal, við mat á lífeyri samkvæmt 24. gr., þeim reiknaður lífeyrir eins og þeir hefðu starfað til 70 ára aldurs.

Gert verði ráð fyrir því að þeir sem þegar hafa náð eða ná munu þessum aldursmörkum á næstu tveimur árum verði gefinn kostur á hæfilegum umþóttunartíma varðandi það hvort þeir nýti sér þessa leið eða ekki.

Fjármálaráðherra mun beita sér fyrir því að við starfslok verði lögreglumönnum sem láta af embætti með þessum hætti og rétt eiga til lífeyris í B-deild tryggð hækkun sem svarar til tveggja launaflokka hækkunar í núverandi launakerfi.

Reykjavík, 13. júlí 2001

  
